

ALMENNT UM DEILISKIPULAGIÐ

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða deiliskipulag fyrir mótocross-braut við Flóðhóla og Fjárhúsavík í sveitarfélaginu Hornafirði. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en í aðalskipulagsbreytingu, sem unnin er samhliða, er lagt til að landnotkuninni verði breytt í íþróttasvæði.

Markmiðið með gerð deiliskipulagsins er að efla íþróttastarf í sveitarfélaginu og tryggja fjölbreytni og möguleika til skipulegra æfinga. Ennfremur að færa starfssemi sem veldur hávaðamengun fjær byggðinni. Meginmarkmiðið er að byggja aðstöðu sem fullnægir öryggiskröfum og skapi ekki óþægindi fyrir íbúa sveitarfélagsins.

FORSENDUR

STAÐHÆTTIR

Deiliskipulagssvæðið liggur á svæði skilgreint sem landbúnaðarland í aðalskipulagi. Svæðið liggur við Flóðhóla og Fjárhúsavík, rétt norðan við þéttbýlið Höfn, á milli Hafnarveggar (99) og Skarðsfjarðar. Skipulagssvæðið nær yfir um 8,6 ha svæði. Núverandi mótocross-braut er við Drápskletta, sem er sunnar og nær byggðinni og verður hún lögð niður þegar ný braut byggist upp.

MENNINGARMINJAR

Í janúar 2017 var unnin fornleifaskráning á svæðinu við Fjárhúsvík af Völu Garðarsdóttur og Sigríði G. Björgvinsdóttur. Fundust fjórar minjar á svæðinu, tóftir og garðlög og eru þær merktar inn á deiliskipulagsuppdrátt. Minjar auðkenndar með nr. P4 eru innan deiliskipulagssvæðis, aðrar fornleifar eru utan þess. Samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 ber að tilkynna Minjastofnun Íslands svo fljótt sem auðið er, finnst áður óþekktar minjar við framkvæmdir.

EIGNARHALD

Deiliskipulagssvæðið er í eigu sveitarfélagsins.

MÁLSMEDFERÐ

Skipulags- og matslýsing var auglýst þann 22.09.2016 í tvær vikur. Við vinnslu deiliskipulagsins var haft samráð við forsvarsmenn Akstursíþróttafélags Austur-Skaftafellssýslu. Á forkynningartagi verður haft samráð við Minjastofnun varðandi minjar á svæðinu.

HLJÓDMENGUN

Akstursæfingasvæði valda hljóðmengun vegna eðli starfseminnar. Jafngildishljóðstig var reiknað fyrir eina klt. Með 5 hjól í brautinni var hljóðstigið mest um 50-55 dB(A) við íbúðarsvæðið. Stuðst inn á við dönsk viðmið varðandi hávaðamörk. Leiðbeinandi hávaðamörk dönsku viðmiðanna er 45 dB(A) að degi til en 40 dB(A) að kvöldi miðað við 6 æfingadaga. Rýmri hávaðamörk gilda þegar æfingadagar í hverri viku eru færri. Niðurstöðurnar falla því ofan við dönsku viðmiðin fyrir akstursbrautir. Frekari greiningar á hljóðútreikningum fyrir svæðið má finna í skýrslu EFLU verkfræðistofu *Aksturs- og skotæfingasvæði á Höfn – Hljóðvistargreiningar*ð, dagsetta júní 2016. Skýrslan er sem viðauki við þetta deiliskipulag.

REKSTUR AKSTURSBRAUTAR

Rekstur akstursbrautar er starfsleyfis skyld skv. reglugerð nr. 785/1999 (m.s.br.) um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og verður þar gerð grein fyrir hvernig svæðið skal girt af og/eða merkt svo óviðkomandi umferð farið ekki um svæðið. Gerð verður grein fyrir í starfsleyfi hvernig áætlun um umgengni og opnun svæðis verður sem og mótvægisáðgerðum svo sem jarðvegsmonnum þannig að hljóðmengun verði sem minnst frá svæðinu.

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samhliða deiliskipulagi þessu er unnin aðalskipulagsbreyting þar sem núverandi íþróttasvæði íþ3 við Drápskletta er fellt út og nýtt svæði skilgreint norður í Fjárhúsavík, fjær íbúðarbyggð.

Í gildandi aðalskipulagi segir að lögð sé áhersla á að efla íþróttastarf í Hornafirði. Í aðalskipulaginu segir m.á.: Kröfur eru gerðar um fullkomna leikvanga og mannvirki svo fólk geti stundað skipulagðar íþróttir og heilsurækt. Deiliskipulagið styður þannig við markmið og áherslur í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Breyta þarf landbúnaðarlandi í íþróttasvæði skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 svo starfsemin geti fengið starfsleyfi. Samhliða breytingunni verður óskað eftir samþykki ráðherra fyrir því að færa landbúnaðarland í aðra landnotkun skv. jarðalögum nr. 81/2004.

ALMENNIR SKILMÁLAR

HÖNNUN MANNVIRKJA OG UPPDRÆTTIR

Deiliskipulagsuppdráttur sýnir byggingarreiti fyrir aðstöðuhús. Allir meginhlutar húsa skulu standa innan byggingarreita, eins og þeir eru sýndir á mælibleiði lóðarinnar. Mesta hæð á þaki er á aðstöðuhúsi, 7,5 m yfir gólfkóta, mænisstefna og þakhalli er frjál. Húsagerði eru frjálсар að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, bílastæði, girðingar og annað það sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

MÆLI- OG HÆÐARBLÖÐ

Mælibleið sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Hæðarblöð sýna gangstéttar- og götuhæðir við lóðarmörk (G), sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum, og lóðarhæðir á baklóðamörkum (L). Hæðarblöð sýna ennfremur staðsetningu og hæðir á frárennslis- og vatnslögnum svo og kvaðir um inntök veitustofnanna.

VEITUR

Tengja þarf svæðið við vatnsveitur sveitarfélagsins og rafveitur RARIK.

Frárennslí frá aðstöðuhúsi verður leitt í lokaða rotþró með siturlögn sem samræmist lögum, reglugerðum og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar þar um. Staðsetning rotþróar á uppdrætti er leiðbeinandi.

SORP

Gert er ráð fyrir flokkun sorps skv. reglum sveitarfélagsins hverju sinni. Íþróttafélagið skal sjá um að koma öllu sorpi og spilliefnum á móttökustaði sorps í sveitarfélaginu.

AÐKOMA OG BÍLASTÆÐI

Aðkoma að mótocross-svæðinu er frá Hafnavegi nr. 99. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði lagður bundnu slitlagi. Bílastæði eru afmörkuð á deiliskipulagsuppdrætti. Gera skal ráð fyrir a.m.k. einu stæði fyrir hreyfihamlaða.

SÉRSKILMÁLAR

Leyfileg uppbygging samkvæmt þessu deiliskipulagi er:

- Aðstöðuhús, allt að 300 m² að stærð, ásamt kjallara og geymslurými fyrir búnað tengdum keppnum.
- Svæði fyrir braut og landmótun kringum brautina ásamt barnabraut.
- Svæði fyrir áhorfendur staðsett í Austur-Langhóli. Leyfilegt er að setja niður áhorfendabekki.

Eigendum er skylt að viðhalda eignum sínum og sjá til þess að nánasta umhverfi sé snyrtilegt og því vel viðhaldið. Ekki er heimilt að nota mannvirki á annan hátt en þetta deiliskipulag segir til um.

Snyrtileg umgengni um svæðið er áskilin og er Sveitarfélaginu Hornafirði heimilt að láta fjarlægja allt rusl og annað sem er til óþrifa eða óþæginda á svæðinu, á kostnað rekstraraðila.

AKSTURSBRAUTIR

Gert er ráð fyrir að mótocross-brautin sé um 1600 m löng og 6-8 m breið, með moldar og sandköflum. Einnig er gert ráð fyrir barnabraut sem er um 150 m löng moldarbraut og 4 m breið. Lega brautanna á uppdrætti er leiðbeinandi, nákvæm útfærsla verður ákveðin við frekari hönnun brauta.

ÖRYGGI OG UMHVERFISMÁL

Mótocross-svæðið er ætlað fyrir mótocross-hjól. Íþróttafélagið skal setja sér frekari reglur um notkun og umgengi á svæðinu ásamt opnunartíma. Frekari skilmála um öryggi skal sett í starfsleyfi.

Við framkvæmdir skal halda raski í lágmarki og ekki er heimilt að raska fjörubakka eða skráðum minjum á svæðinu án samráðs við Minjastofnun Íslands.

GRÓÐUR OG JARÐVEGSMANIR

Gróður og jarðvegsmanir eru til skýringar á uppdrætti. Ganga skal frá svæðinu eftir framkvæmd og skal gróðursetja trjá- og runnagróður. Móta skal landið í kringum brautirnar og búa til jarðvegsmanir.

GIRÐINGAR

Heimilt er að girða svæðið af með hefðbundinni fjárhældri girðingu. Þær skulu staðsettar og útfærðar þannig að þær falli vel að landslaginu. Frekari skilmála um girðingar skal setja í starfsleyfi.

UMHVERFISSKÝRSLA

SKILGREINING OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Umhverfisskýrsla er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem mótocross braut fellur undir 1. viðauka lið 11.01 laga nr. 106/2000. Umhverfisskýrsla þessi byggir á fyrirliggjandi gögnum, hljóðvistarskýrslu sem unnin var fyrir svæðið og skráningu menningarminja á svæðinu. Við vinnslu umhverfisskýrslu var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Umhverfisþáttur	Stefnuskjöl
Náttúruminjar og landslag	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020 Náttúruminjaskrá – Austurland
Menningarminjar	Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Heilsa og öryggi	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020 Vegalög nr. 80/2007 Reglugerð um hávaða nr. 724/2008

VALKOSTIR

Ef ekkert er að hafst við að færa mótocross-braut sem er svokallaður núll kostur munu íbúar verða fyrir áframhaldandi ónæði vegna hávaðamengunar, sem er yfir leyfilegum mörkum, frá núverandi staðsetningu. Sá valkostur sem varð fyrir valinu er aðgengilegur yngri iðkenndum mótocross þ.e.a.s. þau geta gengið á æfingar auk þess er hægt að nýta landslagið á svæðinu til að draga úr hljóðmengun. Sveitarfélagið á ekki mikið land innan marka þess til að veita aðstöðu fyrir íþrótt sem þessa en umrætt svæði er í eigu sveitarfélagsins.

NÁTTÚRUMINJAR OG LANDSLAG

Mótocross-svæðið liggur nálægt Skarðsfirði, sem er á Náttúruminjaskrá. Í náttúruminjaskrá er svæðið skráð nr. 629 og á eftirfarandi við um svæðið: „*Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ (áður Nesjahr. og Höfn), A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lifauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.*“ Nálægð mótocross-brautar við Skarðsfjörð er ekki talin hafa áhrif á minjagildi fjöru, grunnsævi, eyja og skerja né fuglalíf. Þess skal gjætt að haldaraski í lágmarki. Áhrif skipulagsins á nátturminjar og landslag eru því taldar engar.

MENNINGARMINJAR


Unnin hefur verið fornleifaskráning á svæðinu við Fjárhúsvík í febrúar 2017. Fjórar minjar fundust minjar nr. P4 eru innan skipulagssvæðis. Leita skal leyfis hjá Minjastofnun um að raska minjunum. Samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 ber að tilkynna Minjastofnun Íslands svo fljótt sem auðið er, finnist áður óþekktar minjar við framkvæmdir. Áhrif skipulagsins á menningarminjar eru taldar talsvert neikvæðar þar sem raska þarf minjum nr. P4.

HEILSA OG ÖRYGGI

EFLA verkfræðistofa hefur unnið hljóðvistargreiningu fyrir svæðið, *Aksturs- og skotæfingasvæði á Höfn – Hljóðvistargreiningar*ð, dagsetta júní 2016 í skýrslunni eru hjóðkort. Niðurstaða hljóðútreikninga er að ljóst þyki að til þess að ná hljóðstigi við íbúðarbyggð niður fyrir mörk dönsku viðmiðunargildanna er þörf á mótvægisáðgerðum í formi hljóðmana og veggja. Gert er ráð fyrir því í skilmálum deiliskipulagins. Áhrif skipulagsins á heilsu og öryggi eru talin lítil eða engin ef farið er eftir mótvægisáðgerðum sem gerð er grein fyrir í þessu skipulagi og skýrslu um hljóðvistargreiningu fyrir svæðið.


NIÐURSTAÐA

Áhrif skipulagsins á tvo af þremur umhverfisþáttum eru metin engin eða lítil. Áhrif á menningarminjar eru taldar talsvert neikvæðar þar sem raska þarf minjum nr. P4.




Deiliskipulagstillaga

MKV. 1:2000



MKV. 1:500



Hluti úr þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

 Deiliskipulagsmörk

 Byggingarreitur

 Vegur

 Bílastæði

 Mótcross-braut (form leiðbeinandi)

 Barnabraut (form leiðbeinandi)

P1 Fornleifar

 Rotþró (leiðbeinandi)

SAMÞYKKTIR

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ nr. _____


Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. grein Skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í Skipulags- og umhverfisnefnd: þann _____ 2016

Sveitarstjórn: þann _____ 2016

Tillagan var auglýst frá _____ 2016

með athugasemdafresti til _____ 2017

(undirskrift)

	Deiliskipulag Mótocross-svæði
Tillaga til kynningar	
Skipulagstekning.dgn	Málburður
1:2000	Staðsetning
A1	Talning nr.
001	001
Undirskrift	Dag.
Sveitarfélagið Hornafjörð	24.03.2017
Tálmál af	
ÞRS/JH/EDÞ	
	